



Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 9.7.2025
Málsnúmer: 202506-0020
LA

Efni: Siglufjarðarvegur og Fljótagöng. Matsáætlun.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar um Skipulagsgátt, dagsett 12. júní 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um matsáætlun Vegagerðarinnar vegna Siglufjarðarvegar og Fljótaganga.

Framkvæmdin felst í gerð jarðganga og aðliggjandi vega, auk endurbyggingar Siglufjarðarvegar í Fljótum, milli Stafár og Sléttuvegar (789). Gert er ráð fyrir um 5,2 km löngum jarðgöngum milli Nautadals í Fljótum og Hólsdals í Siglufirði. Ný jarðgöng og stytting leiða mun bæta umferðaröryggi til muna en ástand vegarins um Almenninga og Strákaganga er talið ófullnægjandi. Framkvæmdin telst matsskyld samkvæmt lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina og telur hana gera vel grein fyrir þeim þáttum sem fjalla þarf um í mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarsvæðið nær inn á tvö svæði á C-hluta náttúruminjaskrár: Miklavatn í Fljótum (nr. 428) og Fjalllendið á milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar (nr. 423). Samkvæmt 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 ber að taka tillit til skráðra náttúruminja t.d. við veggönnun, og forðast óþarfa rask á þeim. Þetta á sérstaklega við um náttúruminjasvæðið Miklavatn í Fljótum og votlendissvæði sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. sömu laga.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við matsáætlun vegna Siglufjarðarvegar og Fljótaganga.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur